



Hjalparstarf
kirkjunnar

Starfsskýrsla **2015-2016**

Að hjálpa fólki til sjálfshjálpar

Meginmarkmið með öllum verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar er að rjúfa víthring fátæktar, hungurs og vannæringar og efla virðingu fyrir mannréttindum þeirra sem búa við fátækt og óréttlæti. Starfið snýr fyrst og fremst að þeim sem verst eru settir og þeim sem ekki geta björg sér veitt.

Hjálparstarfið vill fjölga tækifærum þeirra verst settu og auka möguleika þeirra til að nýta sér þau og lifa með reisn. Í verkefnum okkar leitumst við alltaf við að styðja fólk og samfélög við að finna eigin lausnir á vanda sem að þeim steðjar og efla fólk til áhrifa.

Starfið er þriðþætt og felst í efnislegri aðstoð við fólk í neyð, valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið sé meðvitað um og taki tillit til þarfa þeirra og réttinda.

Í þessari skýrslu er litið yfir markmið og áherslupætti í verkefnum Hjálparstarfsins frá byrjun júlí 2015 til loka júnímánaðar 2016. Nánar um hvert verkefni fyrir sig er hægt að lesa á vefsíðu Hjálparstarfs kirkjunnar www.help.is undir liðnum um okkur, ársskýrslur.



Hjálparstarf kirkjunnar

- Er óháð og sjálfstæð sjálfseignarstofnun stofnuð af Þjóðkirkju Íslands árið 1969
- Faglegt mat á þörf liggur til grundvallar verkefnum innanlands og utan
- Öll aðstoð er veitt án tillits til trúar, þjóðernis, litarháttar, kynferðis eða skoðana þeirra sem á henni þurfa að halda

Verkefnasvæði starfsárið 2015-2016



Sjálfstæð stofnun í samvinnuverkefnum

Á Íslandi starfar Hjálparstarfið með prestum og djáknum um allt land, félagsþjónustu sveitarfélaga, Hjálpraæðishernum, Rauða krossinum, mæðra-styrksnefndum, heilbrigðisstofnunum, ráðuneytum og verkefnanefndum. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins hafa svigrúm til þess að laga aðstoðina að þörfum einstaklinganna sem til stofnunarinnar leita. Ráðgjafarnir nálgast fólk á forsendum þess sjálfs og leggja áherslu á að haga ráðgjöf þannig að hún sé hjálp til sjálfshjálp. Þeir tvinna saman efnislegan stuðning og valdeflingu og leggja áherslu á að haga starfinu þannig að það leiði til raunverulegra breytinga í lífi fólks.

Í þróunarsamvinnu vinnur Hjálparstarfið með staðbundnum hjálparsamtökum og Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, Lutheran World Federation, Department for World Service. Fleiri en 2,7 milljónir jarðarbúa nutu aðstoðar samtakanna á árinu. Yfir 8.000 starfsmenn vinna með heima-mönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun og menninguna, venjur og tungumál. LWF DWS er fimmti stærsti samstarfsaðili Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, í heiminum.

Neyðaraðstoð erlendis veitir Hjálparstarf kirkjunnar í samstarfi við Alþjóða-hjálparstarf kirkna ACT Alliance sem veitir neyðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka. Aðstoðin er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um neyðaraðstoð og ströngum siðareglum.



Að veita fórnarlömbum stríðsátaka og náttúruhamfara neyðaraðstoð

Ahlan Al Khaled heilbrigðisfulltrúi og næringarráðgjafi á gangi með börnum í fátækrahverfi í þorpinu Minyara í Líbanon. Í landinu eru um 1,5 milljón flóttamanna frá Sírylandi en þrátt fyrir það hafa stjórnvöld ekki leyft hjálpsamtökum að reisa flóttamannabúðir. Flóttafólk hópast því saman í fátækrahverfum við landamærin. IOCC, systursamtök Hjálparstarfsins á vettvangi, veita þar margvíslega aðstoð, meðal annars sjá þau fólkinu fyrir heitri og næringarríkri máltíð einu sinni á dag.

Meginmarkmið:

- grunnþörfum fólksins er nætt
- heilsufar þess hefur batnað og velferð aukist
- viðnámsþróttur samfélaga og geta til að lifa af hamfarir hefur aukist

Á starfsárinu:

- var aðgengi tryggt að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu
- voru framfærslulaun greidd fyrir vinnu við stíflugerð og áveituskurði
- var matvælum og ílátum dreift sem og grunnhúsbúnaði
- voru bráðabirgðaskýli reist og gert við löskuð hús
- var aðgengi að heilsugæslu tryggt
- var skólasterfi haldið úti fyrir börn
- var áfallahjálp og sálrænn stuðningur veittur börnum og unglingum
- var fræðsla veitt um neyðarviðbúnað og forvarnir

Síryland: neyðaraðstoð við flóttafólk í Sírylandi, Jórdaníu og Líbanon

Nepal: hjálparstarf í kjölfar jarðskjálfta

Eþíópía: neyðaraðstoð vegna þurrka og uppskerubrests

Að bæta lífsskilyrði sárafátækra

Meginmarkmið:

- aðgengi að drykkjarhæfu vatni er tryggt
- fæðuöryggi er tryggt sem og möguleikar til framfærslu

Á starfsárinu:

- voru brunnar grafnir og vatnsþræur byggðar
- var gert við gamla brunna
- var fræðsla veitt um skilvirka stjórnun vatnsbóla
- voru kamrar reistir
- voru trjágræðingar ræktaðir til jarðvegsbindingar og til að mynda skjól fyrir aðra ræktun
- var fræum dreift til til bænda fyrir ræktun sem og trjágræðingum til gróðursetningar
- fengu bændur endurbætta plóga og skóflur til að auðvelda jarðyrkju
- voru nýjar tegundir til jarðræktar kynntar til sögunnar
- var fræðsla veitt um kosti víxlræktunar fjölbreyttra og þurrkapolinna korntegunda
- var fræðsla veitt um afleiðingu ofbeitar
- fengu bændur þjálfun í náttúruvernd
- var unnið að náttúruvernd í hópastarfi um góða stjórnun auðlinda
- var þjálfun veitt í heyverkun
- var fræðsla veitt um hvernig auka má geymsluþol uppskerunnar
- fengu dýraliðar viðbótarfræðslu um meðferð dýrasjúkoma
- voru lyf og áhöld veitt til að bólusetja og meðhöndla dýr
- var námskeið haldið í hunangsframleiðslu
- fengu bændur tæki og tól til hunangsframleiðslu

Loksins rignir á ný! Sjálfsþurffarbóndi í Sómalífylki í Eþíópíu plægir jarðskíka sinn fyrir sáningu eftir langt þurrkatímabil. Tíðir þurrkar valda viðvarandi matarskortum og vannæringu í fylkinu og um 1 milljón íbúanna er háð mataraðstoð að staðaldri. Búfjárrækt með kameldýr, kindur, geitur og nautgripi er undirstöðuatvinnugrein en þar sem skilyrði eru til er einnig ræktað maís, hirsí, hveiti, bygg og khat. Vatnsskortur hefur leitt til lélegs ástands bústofnsins en dýralæknáþjónusta er stopul. Skortur er á tækjum og tólum og því eru ræktunaraðferðir í jarðrækt takmarkaðar. Allt leiðir þetta til þess að fæðuöryggi er mjög takmarkað og lífsskilyrði slæm.

Eþíópía: Þróunarsamvinnuverkefni í Sómalífylki í Eþíópíu með sárafátækum sjálfsþurffarbændum.





Að efla völd og áhrif kvenna

Meram er athafnakona sem býr í harðbýlu Sómalífyllki í Eþíópíu en saga hennar er eitt skýrasta dæmið um árangur af verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar þar. Hér er hún í búðinni sinni með eiginmanni og átta af börnunum sínum ellefu. Í búðinni selur hún alls kyns varning og er með mann í vinnu við að sauma á saumavél. Meram gat hafið reksturinn vegna þess að hún tók þátt í sparnaðar- og lánaþópi kvenna á vegum Hjálparstarfsins árið 2011. Hún á fleiri en 30 geitur og var fyrsta konan á svæðinu sem keypti sér úlfalda sem nú eru orðnir sex að tölu. Meram segist nota afraksturinn af rekstrinum til að fæða og klæða börnin sín ellefu, tryggja þeim góða heilsu og menntun svo þau eigi bjarta framtíð.

Eþíópía: Þróunarsamvinnuverkefni í Sómalífyllki í Eþíópíu með sárafatækum sjálfsþurftarþæendum.

Konur á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu hafa takmarkað vald yfir landi, búfénaði og peningum og hafa því fá tækifæri til að taka ákvarðanir sem varða líf þeirra. Valdaleyssið hefur neikvæð áhrif á heilsu og lífsafkomu kvennanna og þar með samfélagsins alls. Stór þáttur í verkefninu er því að efla völd og áhrif kvenna, samfélaginu öllu til farsældar.

Meginmarkmið:

- konur hafa völd og ákvörðunarrétt yfir efnahagslegu öryggi sínu

Á starfsárinu:

- voru haldin námskeið fyrir karla og konur sem miðuðu að valdeflingu kvenna
- fengu einstæðar mæður nautgripi til að geta hafið búskap
- fengu einstæðar mæður hænsn til að bæta fæðuval heimilisins og auka afkomumöguleika
- var sparnaðar- og lánaþópi kvenna komið á laggirnar
- fengu konur órlán til að hefja eigin atvinnurekstur
- var haldin vinnustofa fyrir skoðanaleiðtoga um leiðir til að afnema skaðlegar venjur eins og limlestingar á kynfærum kvenna og að gefa stúlkur barnungar í hjónaband
- fengu sjálfbóðaliðar fræðslu um hugmyndafræði sjálfbærni og um þátttökustjórnun

Að auka möguleika barna til mannsæmandi lífs

Meginmarkmið:

- grunnþörfum barnanna er mætt
- heilsufar þeirra er gott
- þau geta gengið í skóla

Á starfsárinu:

- voru skóli og heimavist rekin fyrir börn stéttleysingja á Indlandi og þannig komið í veg fyrir að þau yrðu hneppt í skuldaánað
- var börnum stéttleysingja tryggt fæði, klæði og aðgengi að heilsugæslu
- fengu skólar kennslu- og námsgögn
- voru hús, vatnstankar og kamrar reistir fyrir alnæmissjúka og munaðarlaus börn í Úganda og þeim útveguð moskítónet, eldhúshöld og húsdýr
- var veitt fræðsla um mikilvægi hreinlætis og smitleiðir sjúkdóma
- var kennsla veitt í matjurtarækt
- fengu munaðarlaus börn aðstoð við að finna leiðir til framfærslu
- var veitt fræðsla um skaðleg áhrif limlestingar á kynfærum kvenna
- var samvinna við trúar- og þorpsleiðtoga um afnám þessara skaðlegu venja
- jukust möguleikar stúlkna á að sækja skóla með bættu aðgengi að hreinu vatni

Í Lyantonde í Úganda bíða systkin sem búa í moldarkofa við bágan kost eftir þaki yfir höfuðið. Börn sem líða skort vegna heilsuleysis alnæmissjúkra foreldra njóta þar aðstoðar við að fá grunnþörfum sínum mætt. Reist eru einföld múrsteinshús ásamt eldaskála, vatnstanki og kamri. Fjölskyldan fær moskítónet, eldhúshöld og húsdýr ásamt fræðslu um mikilvægi hreinlætis og aðstoð við að finna leiðir til framfærslu.

Eþíópía, Indland og Úganda:

Þróunarsamvinnuverkefni með verkþætti þar sem sérstök áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði barna og unglinga.





Að veita fólki í fjárhagslegri neyð efnislegan stuðning

Sigríður Ásgeirsdóttir og Dúfa Einarsdóttir njóta samverunnar en slaka hvergi á við vinnu sína. Þær eru í hópi öflugra sjálfboðaliða sem leggja Hjálparstarfinu lið í viku hverri með því að flokka fót, brjóta saman og raða í hillur ásamt því að aðstoða þá sem koma til að fá notaðan fatnað hjá stofnuninni. Sjálfboðaliðar sjá einnig um skráningu gagna og frá október og fram yfir áramót innheimta þeir söfnunarbauka eftir fjáröflun fermingarbarna fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfsins, raða þeim í númeraröð og ganga frá. Stuðningur sjálfboðaliða er ómetanlegt framlag til Hjálparstarfsins.

Ísland: Stuðningur við fólk sem hefur tekjur undir lágtekjumörkum eða býr við verulegan skort á efnislegum gæðum.

Meginmarkmið:

- grunnþörfum fólks er mætt
- fjárhagslegir erfiðleikar ógna ekki heilsu fólks
- fjárhagslegir erfiðleikar takmarka ekki möguleika barna og unglinga til farsæls lífs

Á starfsárinu:

- fengu efnalitlar barnafjölskyldur um allt land sem og einstaklingar sem búa utan starfssvæða annarra hjálparsamtaka inneignarkort í matvöruverlanir
- var efnalitlu fólk veitt aðstoð við lyfja- og gleraugnakaup í neyðartilvikum
- fékk fólk notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu
- fengu efnalitlir foreldrar stuðning til að kaupa skólafatnað á börn
- fengu foreldrar grunnskólabarna inneignarkort í rittfangaverslanir í upphafi skólaárs
- fengu efnalitlir umgmenni styrk fyrir námsgögnum og fartölvur
- fengu ungmenni styrk til að standa straum af hluta kostnaðar vegna náms í framhaldsskóla
- fengu börn sem búa við kröpp kjör styrk til að stunda íþróttir og tónlistarnám
- fengu efnalitlar barnafjölskyldur aðstoð til að halda jól
- fengu efnalitlar fjölskyldur stuðning vegna fermingar barns

Að stuðla að virkni og vellíðan fólks í félagslegri neyð

Meginmarkmið:

- vítahringur fátæktar og félagslegrar einangrunar er rofinn
- fólkíð hefur fundið styrk sinn og og notar hann til að taka ákvarðinir um eigið líf
- fólkíð hefur sterka sjálfsmynd og tekur virkan þátt í samfélaginu

Á starfsárinu:

- veittu félagsráðgjafar Hjálparstarfsins ráðgjöf og vísuðu fólki á frekari úrræði
- var fjármálaráðgjafi með viðtalstíma vikulega
- var sáttamiðlun og sálusorgun í boði tvo daga í viku
- voru haldin sjálfstyrkingar- og færninámskeið
- var sumarfrí skipulagt fyrir efnalítlar fjölskyldur í sumarbúðum skáta við Úlfjótuvatn
- var vetrarfrí skipulagt fyrir unglunga í sumarbúðum skáta við Úlfjótuvatn
- fengu börn fjárhagslegan stuðning til að fara í sumarbúðir með jafnöldrum sínum
- fengu unglingar stuðning til að sækja sjálfstyrkingarnámskeið
- fengu efnalítlar fjölskyldur inneignarkort í leikhús, á veitingastaði, í kvikmyndahús og í húsdýragarðinn

Í október 2015 fóru Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn í Reykjavík af stað með námskeiðið Heilsueflandi samvera með það að markmiði að efla félagslega, andlega og líkamlega heilsu í góðra kvenna hópi. Námskeiðið fór fram einu sinni í viku og stóð fram í apríl 2016. Á haustönn var byrjað á sjálfstyrkingu undir handleiðslu sr. Petrínu Mjallar Jóhannesdóttur og svo var fönndrað fyrir jólin, meðal annars búin til kerti og kertastjakar. Eftir áramót var farið í matreiðslu á hollum og ódýrum heimilsréttum ásamt því að fara í gönguferðir um Reykjavík, skoða söfn og fönndra enn meira. Konurnar sem tóku þátt í námskeiðinu náðu sérstaklega vel saman og og sögðu samveruna „álveg mállíð“.

Ísland: Ráðgjöf, fræðsla og virkniverkefni sem miða að því að fólk geti virkað krafta sína til frekari þátttöku í samfélaginu.





Breytendur - Changemaker á Íslandi - er ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar. Hreyfingin hóf störf árið 2006 og fagnar því 10 ára afmæli í ár. Breytendur telja að loftslagsbreytingar séu eitt mikilvægasta úrlausnarefni sem alþjóðasamfélagið standi frammi fyrir nú, og þá ekki síst fátæk ríki sem eru illa í stakk búin til að mæta afleiðingum vandrans. Hreyfingin telur að áætlanir um að hefja olíuvinnslu í lögsögu Íslands gangi í berhógg við markmið Sameinuðu þjóðanna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og afstýra verstu afleiðingum hlýnunar jarðar.

Að knýja á um breytingar á aðstæðum nauðstaddra

Meginmarkmið:

- virðing er borin fyrir mannréttindum fólks sem býr við félagslega neyð
- fólk sem býr við fátækt tekur þátt í opinberum ákvörðunum sem það varðar
- þjónusta við fólk í félagslegri neyð er notendastýrð
- fólk getur lifað mannsæmandi lífi af launum sínum og lífeyri
- hnattræn samstaða er um sjálfbæra þróun og jafnrétti


Á Íslandi og í alþjóðlegri samvinnu:

Upplýsingagjöf til stjórnvalda og almennings um kjör þeirra sem eru í nauðum staddir og málsvarastarf í þeirra þágu.

Á starfsárinu:

- kölluðu framkvæmdastjórar Hjálparstarfs kirkjunnar á Norðurlöndum eftir viðbrögðum stjórnvalda við neyð flóttafólks frá Sýrlandi og að því yrði tafarlaust rétt hjálparhönd á flóttaleið þess yfir Miðjarðarhaf og til Evrópu
- tók Hjálparstarfið þátt í ráðstefnu PEP (People experiencing Poverty) á Íslandi um notendasamráð í opinberri þjónustu
- tók félagsráðgjafi Hjálparstarfsins þátt í nefndarstörfum velferðarráðuneytisins og þrýsti þar á um brýn úrlausnarefni til að koma á félagslegu réttlæti
- vann samráðshópur sem félagsráðgjafi Hjálparstarfsins er í að því að þrýsta á um að utangarðsfólk hafi aðgang að heimili svo það geti nýtt sér meðferðarúræði til bata
- dreifðu Breytendur handgerðum pappírsdrekum á alþjóðlegri ráðstefnu um norðurslóðamál í Hörpu og héldu þar á svörtum blöðrum undir slagorðinu „vekið ekki sofandi dreka!“
- tóku Breytendur þátt í Loftslagsgöngu fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í desember og hvöttu ráðamenn til að gera sitt allra besta til að ná samkomulagi
- tóku Breytendur upp myndband og settu á facebook þar sem hreyfingin hvatti ráðamenn til að gera sitt allra besta til að ná samkomulagi um loftslagsmál á Parísarráðstefnunni
- fóru Breytendur í Laugarneskirkju í meðmælagöngu fyrir trúfrelsi, umburðarlyndi og víðsýni

Tekjur námu 280 milljónum króna



Fjármál


Sófnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2015 til 30. júní 2016 námu 280 milljónum króna. Þrjár safnanir voru á starfsárinu; sófnun fermingarbarna í nóvember og jóla- og páskaþsófnun. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einning mikilvægum tekjum. Þá hefur Hjálparstarf kirkjunnar notið góðs af stuðningi stjórnvalda við verkefni á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar.


Framlög til verkefna

69,8 milljónum var varið til þróunarsamvinnu og 55 milljónum til mannúðaraðstoðar. 73,7 milljónum var varið til verkefna innanlands. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 10,6 milljónir. Hjálparstarfið hefur á árinu varið 280,2 milljónum til verkefna og reksturs. Af sófnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 162,4 milljónir króna, hefur stofnunin eyrnamerkt og skuldbundið sig til að greiða um 138 milljónir vegna langtíma verkefna næstu ára.

209,1 milljónum króna varið til verkefna



Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 280,2 milljónum króna







English Summary

Assisting people in need through a close-knit network at home and abroad

Icelandic Church Aid, founded in 1969, initiates and coordinates emergency assistance and development work on behalf of the National Church of Iceland. ICA has six staff members, is governed by a council of representatives that meets twice a year and an executive board of five members. ICA runs projects at home and funds projects abroad, bilaterally and through its membership of the Lutheran World Federation Development for World Service (LWF DWS) and Action by Churches Together, ACT Alliance.

Lutheran World Federation is an alliance of 145 churches and faith based organisations in 98 countries, representing over 72 million people. LWF Department for World Service (LWF DWS) currently has 21 country programs and runs emergency operations in 25 countries in Africa, Asia and Latin America. In 2015 it served over 2.7 million people in challenging humanitarian contexts. Through LWF DWS, ICA has access to expertise in specialized fields and is able to direct funds to the poorest of the poor in its development cooperation and emergency projects. All work is done in close partnership with organisations and people at the grassroots' level.

ACT Alliance is a coalition of 140 churches and faith-based organisations working together in over 100 countries to create positive and sustainable change in the lives of poor and marginalized people regardless of their religion, politics, gender, sexual orientation, race or nationality in keeping with the highest international codes and standards. ACT Alliance coordinates emergency assistance on behalf of LWF and the World Council of Churches, as well as long-term development cooperation projects and strong advocacy and is supported by 25,000 staff and volunteers.

At home ICA provides assistance to people in need in cooperation with pastors, deacons and municipality social workers countrywide. Individuals and families living below the poverty threshold are provided with material assistance through

gift cards in food and clothing stores, payment of medical bills in an emergency, second-hand clothing, payment of extra curricular activity fee for children etc. Two ICA social workers offer counselling and organise various training courses and projects planned for the empowerment and social inclusion of the participants.

Emergency assistance

The Syrian civil war is now into its fifth year with no signs of an end. In 2015, the number of civilian casualties and internally displaced increased drastically driving thousand to join the millions who already fled to neighboring countries who struggle to cope with this large influx of people. With funding from the MoFA, ICA co-funded ACT Alliance Syria Humanitarian Response to meet priority needs of the affected population: Food, Non-food items, WASH, health awareness, health-care, education, livelihoods, capacity building, community resilience, advocacy, vocational training, and psychological support.

ICA co-funded ACT Alliance activities in Nepal in the aftermath of 2 massive earthquakes in April and May 2015. The activities carried out include capacity building for safer shelter; drinking water scheme repairs and reconstruction; livelihood improvement and diversification; socio-economic infrastructure development; and disaster risk management. In addition, WASH promotional activities and psychosocial support to community and schools were carried out.

ICA co-funded ACT Alliance emergency response in Ethiopia due to a food security crisis resulting from a combination of factors that includes the pre-El Niño failure of the spring rains and the El Niño induced late onset, erratic and early cessation of the main summer rains in 2015. With the exception of some unseasonal rains, the northern half of Ethiopia was faced with a period of between five (eastern highlands agriculture zone) to eight months (western highlands agriculture zone) without rain. The overall goal of the emergency response was to contribute to the efforts of saving lives and livelihoods and to





mitigate the effects of drought in the affected districts of Afar, two districts of Oromia, and one district of Amhara region of Ethiopia.

Improving quality of life with better access to water

Water is scarce in our intervention areas in Ethiopia and Uganda. Thus water is the basis of all our work, supporting other components. This year ICA funded the construction of water tanks, shallow wells and cisterns and trained water committees for the maintenance of wells and their surroundings. Purifying tablets were distributed where surface water is used. Latrines were built, hygiene and sanitation taught and practiced for personal needs and the cleanliness of the home and its surroundings.

With more water accessible, irrigation sustained diverse new crops that were used to supplement main crops and improve soil. Tools were supplied as well as training in processing and storing of harvests, food and water. Animal husbandry increased, with training in care, as low productivity and diseases are constraints on farming. Para vets had refresher training in diagnosis and treatment.

A borehole within easy reach saves time. More girls were able to go to school, mothers had more time for childrearing, food production and economic activities. Special cisterns were made to water animals, decreasing considerably the transmission of diseases.

Environmental protection is integrated into water and livelihood schemes; teaching, training and tools work together to conserve soil along with new species for food and fodder, inter-cropping, manure as fertilizers, tree nurseries, water harvesting and hygiene.

In our projects, government agents, traditional leaders and beneficiaries all receive training on local and international law on conservation, responsible and equitable use of natural resources, along with disaster preparedness linked to drought and floods. Bringing them together links duty bearers and rights holders, increases understanding, explains shortcomings and smoothens cooperation. People understand how water, soil and trees, crops and refuse are all linked

together. They understand how a different approach in one area leads to more success in another.

Empowering women to build stronger societies

ICA development cooperation projects beneficiaries live in absolute poverty in the harshest environments. Not because it is their choice, it is all they can afford. To develop their skills to fight for their own rights, ICA's work is becoming more and more rights based. Beneficiaries participate fully in projects, learning not only new methods and thus improving their daily lives, but more importantly also about their rights and how to claim them.

Women in our intervention areas in Ethiopia have no access to and control over productive resources (especially land and livestock). Women are also excluded from extension and training services provided by local institutions. Furthermore, women are excluded from the decision making processes at community level. The effect on rural poverty and poor health conditions is aggravated by these deep rooted traditional, social and cultural practices which biases against women.

We train people, especially women, to assess their situation, put their ideas into words and claim their place at the decision making table. Extensive work is done with traditional and religious leaders, government agents and institutions to influence behavior change and recognize the various aspects of poverty and how funds and services can be channeled to reduce it.

Shelter and Education for a chance at life

In Uganda, where orphaned children struggle with adult responsibilities, taking care of younger siblings as head of household, ICA continued its support to counter the effects of HIV/AIDS and provided affected families with housing, household items, beddings, mosquito nets, tools, seeds, goats, poultry and more. In India, ICA continued its support towards children and youth and provided support for primary, secondary and even university studies.





Assistance and empowerment at home

ICA seeks to be professional in its intervention with people in need, responding to individual cases in an appropriate manner. Interviews, preceding every delivery of assistance, provide important information. Through them, ICA's social workers can constantly monitor the situation and adapt its aid to needs.

All applicants are encouraged to go for counselling, a part of ICA's service that has much increased. Deeper individual counselling and financial counselling are well appreciated options. Several youngsters receive special support to finish secondary schooling and adults are supported in rehabilitation and further studying to be able to join the job market. Recording of relevant data helps ICA lobby for support measures from government and municipalities on the basis of reliable data.


Advocacy

ICA social workers participate in public committees promoting civil rights and pointing out various problems ICA beneficiaries face. Together with other NGOs and beneficiaries, ICA works on different levels at encouraging the law maker and the general public to strive for social justice and equality.


Changemakers, ICA's youth movement, fights global warming, unfair trade, debt crises in developing countries, violence and HIV/AIDS, with positive actions in their home country, Iceland. They visit schools, organise workshops and happenings, publish brochures, aim to influence the government and engage the public in conversation. This year the group continued its protest against the agreed exploration campaign for oil in the Dreki area in Icelandic waters. Changemakers in Iceland cooperate with their counterparts in Norway and other countries. Participants are 13-30 years old working for a better world -having fun doing it.




Total Income 280 million ISK



Expenditure for Projects 209,1 million ISK



Total Expenditure 280,2 million ISK



Að fjármagna starfið með þinni hjálp

Hjálparstarf kirkjunnar hefur notið ómetanlegs stuðnings frá hjartahlýju fólki sem hefur svarað kalli í fjársöfnunum á starfsárinu. Safnað var fyrir verkefnum í Afríku með aðstoð fermingarbarna sem gengu í hús með söfnunarbauka Hjálparstarfsins í nóvember og um jól og páska var safnað fyrir verkefnum með því að bjóða fólki að greiða valgreiðslu í heimabanka.

Á starfsárinu fékk Hjálparstarfið til liðs við sig fjölmarga nýja hjálparliða en þeir styrkja starfið með mánaðarlegu framlagi að eigin vali og það eykur bolmagn stofnunarinnar til að rétta þeim hjálparhönd sem á þurfa að halda. Fólki sem kys að leggja starfinu lið í stakt skipti getur gert það á www.framlag.is, komið á skrifstofuna eða hringt í síma 528 4400.

Þær eru ansi skemmtilegar kveðjurnar sem fólk setur á gjafabréf Hjálparstarfsins sem fást á www.gjofsemgefur.is. Ein slík hefst svona: „Hvað gefur maður þeim sem á allt? Jú auðvitað geit handa fátækri fjölskyldu í Afríku!“ Andvirði gjafabréfa Hjálparstarfsins rennur til margvíslegra verkþátta í verkefnum á Íslandi, á Indlandi, í Úganda og í Eþíópíu. Gjafabréfin endurspeglar starfið og fólkið sem fær þau að gjöf fær þannig tækifæri til að hjálpa náunga sínum til sjálfshjálpar, það er sannarlega gjöf sem gleður!

Fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar, **Margt smátt...**, kemur út fjórum sinnum á ári. Láttu okkur vita ef þú vilt ókeypisskrif. Viltu auglýsa í blaðinu? Það styrkir fræðslustarfið sem hvetur aðra til að gefa.

Á heimasíðu Hjálparstarfsins, www.help.is, er að finna upplýsingar um starfið og þar er hægt að kaupa Friðarljós og senda minningarkort.

Facebooksíða Hjálparstarfs kirkjunnar <https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar/> er samræðuveltvangur velunnara Hjálparstarfsins. Velkomin/n í hópinn!

Stjórn og starfsfólk

Hjálparstarfs kirkjunnar 2015-2016:

Stjórn:

Ingibjörg Pálmadóttir fyrrverandi ráðherra, formaður
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur
Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur

Varamenn:

Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur
Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri

Starfsfólk:

Bjarni Gíslason er framkvæmdastjóri
Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með fatalager, sölu Friðarljósa o.fl.
Áslaug Arndal hefur umsjón með skrifstofuhaldi og verkefni í þágu barna á Indlandi
Kristín Ólafsdóttir hefur umsjón með fræðslu og fjáröflun
Sædis Arnardóttir er félagsráðgjafi í 60% starfshlutfalli í innanlandsstarfi
Vilborg Oddsdóttir er félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs

Heimilisfang:

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík
Sími: 528 4400
www.help.is
<https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar>

Ljósmyndir: Hjálparstarf kirkjunnar,
nema á bls. 4 og 21; Paul Jeffrey/ACT Alliance.
Hönnun: Margrét E. Laxness
Prentun: Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja



Heimasíða: www.help.is

Facebooksíða: hjalparstarf.kirkjunnar

Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is

Framlög: www.framlag.is

Ungliðahreyfing: www.changemaker.is



THE
LUTHERAN
WORLD
FEDERATION

actalliance